

Skólaráðsfundur 26. október 2023

Mættir: Bylgja Baldursdóttir skólastjóri, Kolbrún Ósk Ásgeirsdóttir fulltrúi kennara, Arne Kristinn Arneson fulltrúi kennara, Ársæll Kristinn Björnsson fulltrúi almenns starfsfólks, Margrét Böðvarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Ásdís Elma Ágústsdóttir fulltrúi nemenda, Karma Á.M. Ólafs. fulltrúi nemenda

Handbók um skólaráð

Bylgja fór yfir hvernig skal skipa í skólaráð og hvert er hlutverk hvers og eins fulltrúa. Hún fór yfir einnig hverjar starfsreglur skólaráðs eru. Arne lagði til að við komum þeim upplýsingum til Sambands sveitafélaga um hvort það þyrfti ekki að skipa fulltrúa erlendra íbúa á svæðinu. Skólaráð telur það góða hugmynd og Bylgja mun koma þessari ábendingu áfram.

Fundir í skólaráði fyrir þetta skólaár verða 11. janúar, 7. mars og 16. maí. Fundað verður á fimmtudagsmorgnum kl. 09:00 og boðað til fundanna í gegnum tölvupóst og sett þar í dagatal.

Sjálfsmatsskýrsla

Bylgja fór yfir helstu niðurstöður úr könnunum og sagði m.a. frá því að tíðni eineltis hjá nemendum hefur dregist saman á milli ára og ekkert einelti greinist meðal starfsfólks. Hjá nemendum kemur helst upp að það þurfi að auka þrautseigju og sjálfstraust. Foreldrakönnun kom vel út. Skýrslan verður birt á heimasíðu skólans.

Starfsáætlun og umbótaáætlun

Starfsáætlun kynnt, hún verður uppfærð á heimasíðu skólans í lok október. Umbótaáætlun frá ytra mati verður skilað inn og birt á síðu Menntamálastofnunar. Farið var yfir þau atriði sem lögð verður áhersla á í úrbótum í vetur.

Foreldrafélagið og nemendaráðið

Foreldrafélagið hefur ekki fundað og brýnt er að boða verði til fundar hjá foreldrafélaginu sem fyrst og farið yfir hvort breytingar verði í stjórn félagsins. Nemendaráð hefur haft nóg að gera, stóð m.a. fyrir söfnun í október til styrktar SKB, eru að skipuleggja draugahús fyrir hrekkjavöku, hafa óskað eftir því að fá samþykki fyrir því að stofna samfélagsmiðla í nafni nemendaráðsins til að auglýsa viðburði.

Önnur mál

Margrét leggur til að nemendur komi oftari í heimsókn t.d. í Miðhús. Nemendur koma a.m.k. 16. nóvember og lesa ljóð. Ásdís Elma stingur upp á að unglíngarnir heimsæki eldra fólkíð í Miðhúsum og vinni að því að tengja samfélagið saman. t.d. göngutúrar, spila á spil, spila bocchia, vera með tækníkennslu o.þ.h.